

REGLUGERÐ

um takmörkun á notkun stuttkeðju klórparaffína.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun á stuttkeðju klórparaffínum (CAS nr. 85535-84-8) í iðnaði.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin nær til vara sem innihalda stuttkeðju klórparaffín enda sé þyngdarhlutfall þeirra hærra en 1%.

3. gr.

Skilgreiningar.

Með stuttkeðju klórparaffínum er í reglugerð þessari átt við klóraða alkana úr kolefnis-keðjum með 10 til 13 kolefnum og með klórinnihald a.m.k. 48 g fyrir hver 100 g af efninu.

4. gr.

Takmarkanir.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota vörur með stuttkeðju klórparaffínum, sbr. 3. gr. til notkunar við málmvinnslu og í leðurfeiti.

Framleiðsla, innflutningur, sala og notkun stuttkeðja klórparaffína til eftirfarandi nota er jafnframt óheimil:

1. Sem mýkiefni í málningu og öðrum húðunarvörum.
2. Til notkunar sem eldvarnarefni í gúmmí, plasti eða vefnaði.
3. Sem mýkiefni í þéttiefnum.

5. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirmumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

6. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er enn fremur sett með hliðsjón af 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun nr. 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/45/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. tekur gildi 6. janúar 2004. Ákvæði 3. tl. 2. mgr. 4. gr. tekur gildi 31. desember 2004.

Umhverfissráðuneytinu, 8. ágúst 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, er taki gildi 1. september 2003:

Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 814, 18. nóvember 2002, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 5,8%.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. ágúst 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 439/2002.

1. gr.

Í fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar frá 7. júní 2002, VI. kafla, um réttir og réttahald, breytist 27. gr. þannig að í Hörgárbyggð, Skriðudeild, verður Staðarbakkarétt aðalrétt í stað Melaréttar.

2. gr.

Breyting þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl. með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2003.

F. h. r.

Niels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.